

Aðalstefndi greiði aðalstefnanda 6% ársvexti af kr. 54.790,00 frá 30. des. 1949 til útgáfudags nefnds skuldabréfs.

Málskostnaður falli niður í aðalsök og gagnsök.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans.

Mánudaginn 25. október 1954.

Nr. 181/1952. **Skjöldur h/f** (Jón N. Sigurðsson)

gegn

**Sumarliða Hallgrímssyni**

(Guttormur Erlendsson).

**Dómendur:**

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.**

Kaupkrafa skipverja að loknum skuldaskilum samkv. lögum nr. 120/1950.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Héraðsdóm hefur upp kveðið Einar Ingimundarson, bæjarfógeti á Siglufirði.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. nóvember 1952. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Samkvæmt gögnum málsins taka ákvæði 2. málsliðar 1. töluliðar 27. gr. laga nr. 120/1950 ekki til kröfu stefnda. Með þessari athugasemd og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber áfrýjanda að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

**Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Skjöldur h/f, greiði stefnda, Sumarliða

Hallgrímssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1.800,00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

### **Dómur sjó- og verzlunardóms Siglufjarðar 3. nóvember 1952.**

Mál þetta, sem tekið var til dóms hinn 1. þ. m., hefur Sumarliði Hallgrímsson vélstjóri, Siglufirði, höfðað fyrir sjó- og verzlunardóminum gegn Skildi h/f, Siglufirði, til greiðslu á kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags svo og málskostnaðar að skaðlausu. Einnig krafðist stefnandi þess í stefnu, að sér yrði tildæmdur sjóveðréttur í váttryggingarfé m/s Skjalda, S.I. 82, til tryggingar fyrrgreindum kröfum, en við munnlegan flutning málsins féll umboðsmaður stefnanda frá þessari síðast töldu kröfu.

Stefnda hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þessir:

Sumarið og haustið 1950 var stefnandi skipverji á m/s Skildi, S.I. 82, eign hins stefnda félags, og er enginn ágreiningur um, að í árslok 1950 hafi hann átt innstæðu hjá félaginu sem ógreitt kaup kr. 5.407,22. Aðilja málsins greinir ekki heldur á um, að stefnandi hafi einhvern tíma á árinu 1951, að því er bezt verður séð, fengið greiddar kr. 2.288,66 upp í kaupkröfu sína hjá félaginu.

Þegar Skuldaskilasjóður útvegsmanna tók til starfa um áramót 1950—1951, sótti hið stefnda félag um aðstoð hans til að gera kröfuhöfum á félagið nokkur skil samkvæmt ákvæðum laga nr. 120/1950. Í samræmi við ákvæði þessara laga lét félagið Skuldaskilasjóði í té skýrslu um kröfuhafa, miðaða við 31. eða 30. des. 1950, og var þar m. a. getið um, að stefnandi ætti inni hjá félaginu kr. 5.407,22 sem ógreitt kaup vegna starfa á m/s Skildi á „troll“-vorvertíð, sumar-síldarvertíð og haust-reknetjavertíðum. Hins vegar mun stefnandi sjálfur ekki hafa lýst hærri kröfu í Skuldaskilasjóð vegna starfa sinna á m/s Skildi en samtals kr. 2.422,64. Virðist kröfu þessari hafa verið lýst í tvennu lagi, kr. 1.006,97 hinn 15. okt. 1950 og kr. 1.415,67 hinn 20. nóv. 1950 = kr. 2.422,64.

Vöntun stefnanda á því að lýsa heildarkröfu sinni á hið stefnda félag virðist hafa stafað af því samkvæmt yfirlýsingu stefnanda, sem lagt hefur verið fram afrit af í málinu, að hann hafi haldið, að nægilegt væri, að hið stefnda félag lýsti sjálf tþeirri kröfu, sem hann átti á það vegna starfa sinna á vélbáti þess, enda hafi hann fullvissað sig um, að kröfu sinni væri rétt lýst af félaginu til Skuldaskilasjóðs. Niðurstaðan varð því sú, að stefnandi fékk ekki greitt úr Skuldaskilasjóði nema mismuninn á þeirri kröfu, sem hann hafði lýst í sjóðinn, kr. 2.422,64, og þessari upphæð, sem hann hafði fengið greidda af hinu stefnda félagi sjálfu, sem samkvæmt framansögðu nam kr. 2.288,66, en mismunurinn á þessum tveimur upphæðum er

kr. 133,98. Stóð því eftir af upphaflegri skuld félagsins við stefnanda kr. 2.984,58, eftir að hann hafði fengið fyrrnefnda upphæð (kr. 133,98) greidda úr Skuldaskilasjóði útvegsmanna, en um greiðslu á eftirstöðvunum, þ. e. kr. 2.984,58, hljóðar stefnukrafan. (Er hún þó 2 aurum lægri.)

Í greinargerð umboðsmanns stefnanda er naumast að finna neinn rökstuðning fyrir kröfu hans, en við munnlegan flutning málsins byggði umboðsmaður stefnanda kröfu sína á því, að hann ætti ótvíræðan aðgangsrétt að hinu stefnda félagi til greiðslu á þeim hluta kröfu sinnar, sem hann hafði ekki þegar fengið greiddan, með því að skuldaskil félagsins fyrir atbeina Skuldaskilasjóðs útvegsmanna útilokuðu samkvæmt 1. og 2. tölul. 27. gr. laga nr. 120/1950 ekki þá, sem ættu kaupkröfur á útgerðarfyrirtæki, sem leitað hefðu aðstoðar sjóðsins, til að ganga að fyrirtækjunum sjálfum, þar eð samningurinn vegna skuldaskilanna samkvæmt lögum þessum hefði engin áhrif á slíkar kröfur.

Sýknukröfu sína hefur umboðsmaður stefnda hins vegar reist á því, að kröfur þær, sem ekki er lýst eða hefur verið lýst fyrir Skuldaskilasjóði, séu fallnar niður, eftir að skuldaskilum viðkomandi útgerðarfyrirtækja fyrir atbeina sjóðsins er lokið, og eigi því krafa stefnanda ekki frammar neinn rétt á sér, enda sé Skjöldur h/f ekki lengur réttur aðili til að svara kröfu stefnanda.

Þess skal getið, að m/s Skjöldur mun hafa farizt á þessu ári.

Í 27. gr. laga nr. 120/1950 segir, að samningurinn (þ. e. um skuldaskil útgerðarfyrirtækja fyrir atbeina Skuldaskilasjóðs útvegsmanna) hafi engin áhrif á þær kröfur, sem hér greinir:

1. skuldir tryggðar með veði o. s. frv.,
2. forgangskröfur samkvæmt 8. kafla 83. gr. skiptalaganna, en þar á meðal eru t. d. kaupkröfur og matarverð vinnuhjúa og annarra þjónustumanna svo og kaup daglaunamanna o. s. frv.

Ákvæði nefndrar greinar fær dómurinn ekki skilið á annan veg en þann, að meðferð Skuldaskilasjóðs útvegsmanna á kröfum þeim, sem í þessari grein eru nefndar, haggi ekki að neinu rétti slíkra kröfuhafa til að ganga að útgerðarfyrirtækjunum, sem fengið hafa aðstoð sjóðsins, til skila á öðrum skuldum, þótt slíkum kröfum hafi ekki verið lýst í sjóðinn eða þær af einhverjum ástæðum hafi ekki fengizt greiddar. Með því að enginn ágreiningur er um, að krafa stefnanda á hendur hinu stefnda félagi sé eða hafi upphaflega verið tryggð með veði í skipinu, sem stefnandi var skipverji á, samkvæmt 2. tölul. 236. gr. laga nr. 56/1914, er það því samkvæmt framansögðu álit dómsins, að krafa stefnanda, sem í máli þessu er höfð uppi, hafi ekki fallið niður við skuldaskil hins stefnda félags og beri því að dæma félagið til að greiða honum kröfuna, enda er því ekki mótmælt af félaginu eða umboðsmanni þess, að hún sé fölulega rétt.

Verða því úrslit málsins þau, að hið stefnda félag verður dæmt

til að greiða stefnanda kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags, svo sem krafizt er.

Málskostnaður ákveðst kr. 500,00.

#### Dómsorð:

Stefnda, Skjöldur h/f, Siglufirði, greiði stefnanda, Sumarliða Hallgrímssyni, Siglufirði, kr. 2.984,56 auk 6% ársvaxta frá 1. jan. 1951 til greiðsludags og málskostnað kr. 500,00.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 25. október 1954.

Nr. 6/1954. **Ákærvaldið** (Gústaf A. Sveinsson)

gegn

**Vigfúsi Waagfjörð** (Egill Sigurgeirsson).

#### Dómendur:

**hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Lárusson.**

Bifreiðalagabrot.

#### Dómur Hæstaréttar.

Héraðsdóm hefur upp kveðið Sveinn Snorrason, fulltrúi bæjarfógeta í Vestmannaeyjum.

Það athugast, að það brot ákærða að hafa ekki skrásetningarmerki á bifreið sinni varðar við 3. gr. reglugerðar nr. 72/1937, sbr. reglugerð nr. 112/1949.

Með því að framburði vitna um það, hvort áfengisáhrif hafi sézt á ákærða aðfaranótt 1. febrúar 1953, ber ekki saman, og að auk þess hafa engin þessara vitna verið látin staðfesta vætti sitt fyrir dómi, þá eru ekki leiddar sönnur að því, að ákærði hafi í umrætt skipti gerzt sekur um akstur bifreiðar undir áhrifum áfengis. Ber samkvæmt þessu að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að greiðslufrestur sektar verði fjórar vikur frá birtingu dóms þessa.

Þar sem ákærði vildi una héraðsdóminum og hann er sýkn